

# Greinargerð um utanlandsflug til Akureyrar nóvember 2019

## Sviðsmyndir fyrir millilandaflug um Akureyrarflugvöll

Þeir útreikningar sem settir eru fram í þessari greinargerð fyrir markaðsstofu Norðurlands eru miðaðir við eftirfarandi fjórar sviðsmyndir<sup>1</sup>:

Tafla 1. Sviðsmynd 1. Enginn vöxtur, flug svipað og sumarið 2019 og veturinn 2019-2020

Til og frá Akureyri	Holland vetur	sumar	Bretland vetur	sumar	Þýskaland vetur	sumar	Belgía vetur	sumar
2020	8	16						
2021	8	16						
2022	8	16						
2023 og áfram	8	16						

Tafla 2. Sviðsmynd 2. Hægur vöxtur

Til og frá Akureyri	Holland vetur	sumar	Bretland vetur	sumar	Þýskaland vetur	sumar	Belgía vetur	sumar
2020	8	16						
2021	10	18						
2022	12	20						
2023 og áfram	14	22						

Tafla 3. Sviðsmynd 3. Talsverður vöxtur

Til og frá Akureyri	Holland vetur	sumar	Bretland vetur	sumar	Þýskaland vetur	sumar	Belgía vetur	sumar
2020	8	16						
2021	10	18	6			12		
2022	12	20	10		6	14		12
2023 og áfram	14	22	12		8	18		16

Tafla 4. Sviðsmynd 4. Mikill vöxtur

Til og frá Akureyri	Holland vetur	sumar	Bretland vetur	sumar	Þýskaland vetur	sumar	Belgía vetur	sumar
2020	8	16						
2021	12	20	12			16		
2022	16	30	14		8	20		12
2023 og áfram	20	36	16+62	42	12	30	8	16

Hér er gert ráð fyrir áætlunarflugi tvisvar í viku milli Akureyrar og Bretlands árið 2023 samtals 104 ferðir.

<sup>1</sup> Settar fram af Markaðsstofu Norðurlands í október 2019

## Beinar tekjur Isavia

Beinar tekjur ISAVIA af auknu flugi sem notar íslenska flugvelli eru lendingargjald (535 kr. fyrir hvert byrjað tonn hámarks flugtaksþyngdar) farþegagjald (625 kr. á hvern farþega) og flugverndargjald (1.630 kr. á hvern farþega). Gert er ráð fyrir afslætti á lendingargjaldi og farþegagjaldi frá hverju landi þrjú fyrstu árin. 100% fyrsta ár, 75% annað ár, 50% þriðja ár og enginn afsláttur eftir það. Gert er ráð fyrir hverju flugi með 149 sæta vél og 75% sæta séu nýtt af erlendum ferðamönnum, 5% af Íslendingum og 20% tóm. Hámarks flugtaksþyngd vélar sé tæplega 70 tonn.

Tekjurnar í mismunandi sviðsmyndum eru í eftirfarandi töflu. Núvirði tekna m.v. 2,5% ávöxtunarkröfu í 20 ár er í neðstu línu.

Tafla 5. Tekjur ISAVIA af flugi til Akureyrar (Mkr)

Ár	Ár nr.	Sviðsmynd 1	Sviðsmynd 2	Sviðsmynd 3	Sviðsmynd 4
2020	1	4,7	4,7	4,7	4,7
2021	2	5,3	6,2	9,7	12,6
2022	3	6,0	8,0	17,0	23,2
2023	4	7,3	11,0	24,1	63,0
2024	5	7,3	11,0	26,7	72,8
2025	6	7,3	11,0	27,6	74,1
2026	7	7,3	11,0	27,6	74,1
2027	8	7,3	11,0	27,6	74,1
2028	9	7,3	11,0	27,6	74,1
2029	10	7,3	11,0	27,6	74,1
2030	11	7,3	11,0	27,6	74,1
2031	12	7,3	11,0	27,6	74,1
2032	13	7,3	11,0	27,6	74,1
2033	14	7,3	11,0	27,6	74,1
2034	15	7,3	11,0	27,6	74,1
2035	16	7,3	11,0	27,6	74,1
2036	17	7,3	11,0	27,6	74,1
2037	18	7,3	11,0	27,6	74,1
2038	19	7,3	11,0	27,6	74,1
2039	20	7,3	11,0	27,6	74,1
Núvirði (2,5%)		109	158	377	970

## Þjóðhagslegur ávinningur

Ferðamenn sem kaupa vörur og þjónustu auka landsframleiðsluna. Árið 2016 var hlutur ferðaðþjónustu í landsframleiðslu áætlaður 199,7 Gkr<sup>2</sup>. Hluti af þessari upphæð er vegna innlendrar flugstarfsemi svo sem starfsemi Icelandair og WOW þetta ár. Ekki er líklegt að flugið sjálft til Akureyrar leggi neitt til landsframleiðslu því útlit er fyrir að það verði eingöngu erlendir aðilar sem sinna því. Ef flug er ekki talið með var hlutur ferðaðþjónustu í landsframleiðslu 175,2 Gkr. Árið 2016


<sup>2</sup> Hagstofan/atvinnuvegir/ferðaðþjónustureikningar/ferðaðþjónusta/samantekt á niðurstöðum TSA, 2009-2017

voru allar gistinætur á landinu 7.808.000<sup>3</sup>. Hver nótt ferðamanns (innlendra og erlendra) „jók“ því landsframleiðsluna í þessum geira um 22.400 kr. Þetta er talan sem er notuð í þessum reikningum þó nú sé komið árið 2019. Horft er framhjá ruðningsáhrifum. Hafa skal í huga að erlendum ferðamaður eykur landsframleiðsluna með komu sinni hingað en ekki er víst að innlendum ferðamaður geri það. Hér er því fyrst og fremst verið að miða við erlenda ferðamenn sem kæmu með beinu flugi til Akureyrar og að hver gistinótt þeirra auki landsframleiðsluna um 22.400 kr. Gert er ráð fyrir að hver ferðamaður sé 6 nætur. Aukning landsframleiðslu (VLF) eftir sviðsmyndum er í næstu töflu.

Tafla 6. Aukning landsframleiðslu vegna millilandaflugs um Akureyrarvöll (Mkr)

	Ár nr.	sviðsmynd 1	sviðsmynd 2	sviðsmynd 3	Sviðsmynd 4
<b>2020</b>	1	360	360	360	360
<b>2021</b>	2	360	421	691	901
<b>2022</b>	3	360	481	1.111	1.502
<b>2023 og áfram</b>	4	360	541	1.352	3.635

Sem dæmi þá ætti landsframleiðsla að vera meiri sem nemur 541 Mkr á fjórða ári í sviðsmynd 2.



### Beinar skatttekjur ríkisins

Engar beinar skatttekjur eru af erlendum ferðamönnum aðrar en gjöld til ISAVIA. Ríki og sveitarfélög fá hins vegar skatta af eyðslu ferðamanna, bæði beina og óbeina.

<sup>3</sup> Hagstofan/atvinnuvegir/gisting/allar tegundir gististaða/gistinætur og gestakomur á öllum tegundum gististaða 1998-2019

## Óbeinar skatttekjur ríkisins

Þegar erlendir ferðamenn eyða peningum í hagkerfinu fá ríki og sveitarfélög aukna skatta. Árið 2018 voru tekjur ríkisins 31,4% af landsframleiðslu, þar af voru skattar og tryggingagjöld 26,7%<sup>4</sup>. Þegar landsframleiðsla eykst um einhverja upphæð er því líklegt að skattar til ríkisins aukist um 26,7% af landsframleiðsluaukningunni. Það er óvarlegt að nota fyrri töluna að ríkið fái 31,4% af aukalegum umsvifum í hagkerfinu. Aukalegir skattar ríkisins vegna aukinnar landsframleiðslu sem kemur fram í töflu 6 eru því áætlaðir eins og næsta tafla sýnir:

Tafla 7. Aukning skatttekna ríkisins vegna millilandaflugs um Akureyrarvöll (Mkr).

	Ár nr.	sviðsmynd 1	sviðsmynd 2	sviðsmynd 3	Sviðsmynd 4
<b>2020</b>	1	96	96	96	96
<b>2021</b>	2	96	112	184	241
<b>2022</b>	3	96	128	297	401
<b>2023 og áfram</b>	4	96	144	361	970

## Óbeinar skatttekjur sveitarfélaga

Árið 2018 voru skatttekjur sveitarfélaga um 10,2%<sup>5</sup> af landsframleiðslu. Ef landsframleiðsla eykst er líklegt að skatttekjur sveitarfélaga aukist hlutfallslega jafn mikið. Í næstu töflu má sjá 10,2% af landsframleiðsluaukningunni sem kemur fram í töflu 6.

Tafla 8. Aukning skatttekna sveitarfélaga vegna millilandaflugs um Akureyrarvöll (Mkr)

	Ár nr.	sviðsmynd 1	sviðsmynd 2	sviðsmynd 3	Sviðsmynd 4
<b>2020</b>	1	37	37	37	37
<b>2021</b>	2	37	43	70	92
<b>2022</b>	3	37	49	113	153
<b>2023 og áfram</b>	4	37	55	138	371

Ljóst er að það eru ekki eingöngu sveitarfélög á Norðurlandi sem myndu fá þessa auknu skattheimtu með beinu flugi til Akureyrar. Þar kemur tvennt til. Annars vegar að öll aukin starfsemi, hvar sem er á landinu, leiðir til meira umfangs hjá tengdum stofnunum, eftirlitsaðilum og þjónustuaðilum á Höfuðborgarsvæðinu. Einhver hluti þessara skatttekna myndi því lenda þar. Hins vegar er líklegt að þessir erlendu ferðamenn fari töluvert út fyrir Norðurland á meðan dvöl þeirra stendur. Hversu stór hluti aukinna skatttekna sveitarfélaga lendir á Norðurlandi er því erfitt að meta. Líklegt er þó að það verði meirihlutinn. Líklegt er að næstu nágðannar svo sem Austurland njóti einhvers ávinnings sem og önnur landsvæði.

<sup>4</sup> Hagstofan/efnahagur/ríkissjóður/fjármál ríkissjóðs/tekjur ríkissjóðs 1998-2018

<sup>5</sup> Hagstofan/efnahagur/sveitarfélög/fjármál sveitarfélaga/tekjur sveitarfélaga 1998-2018

## Auknar tekjur ferðapjónustufyrirtækja

Eyðsla ferðamanna fer að stórum hluta fram í þeim geira efnahagslífsins sem kalla má ferðapjónustufyrirtæki. Reyndar er ekki klippt og skorðið hvað er ferðapjónustufyrirtæki og hvað ekki en hér er miðað við að eftirfarandi starfsemi sé ferðapjónusta: Gistiþjónusta, Veitingaþjónusta, bílaleigur og ferðaskrifstofur. Kaup ferðamanna (án skatts) af þessum aðilum standa undir um 60,7%<sup>6</sup> af framlagi ferðapjónustu til landsframleiðslunnar. Restin er þá önnur kaup á vörum og þjónustu sem og skattur (mest vsk) af kaupum í ferðapjónustu. Í næstu töflu sést þetta hlutfall (60,7%) af áætlaðri aukinni landsframleiðslu í töflu 6.

Tafla 9. Aukning tekna ferðapjónustufyrirtækja vegna flugs (Mkr).

	Ár nr.	sviðsmynd 1	sviðsmynd 2	sviðsmynd 3	Sviðsmynd 4
<b>2020</b>	1	219	219	219	219
<b>2021</b>	2	219	255	419	547
<b>2022</b>	3	219	292	675	912
<b>2023 og áfram</b>	4	219	328	820	2.206

Eins og áður hefur verið nefnt munu erlendir ferðamenn með millilandaflugi til Akureyrar ekki bara ferðast um Norðurland. Því er ljóst að þessar tekjur ferðapjónustufyrirtækja verða ekki eingöngu á Norðurlandi þótt líklegt sé að meirihlutinn og jafnvel meginþorrinn verði þar.

## Bætt lífsskjör íbúa

Eins og hér að framan hefur verið skýrt mun landsframleiðsla aukast með tilkomu fleiri erlendra ferðamanna um Akureyrarflugvöll. Þá má spyrja hvað slíkt flug stækki hagkerfið mikið á Norðurlandi. Til að gera sér grein fyrir því þarf fyrst að áætla hvað hagkerfið á þessu landsvæði er stórt. Í næstu töflu er þetta áætlað út frá framleiðslu landshluta<sup>7</sup> og mannfjöldabreytingum.

Tafla 10. Landsframleiðsla og áætluð landshlutaframleiðsla 2018 (Mkr)

2018	Landsframleiðsla og landshlutaframleiðsla
<b>Ísland</b>	2.812.006
<b>Norðurland vestra</b>	43.737
<b>Norðurland eystra</b>	197.119
<b>Norðurland</b>	240.856
<b>Austurland</b>	98.158

Af töflunni má sjá að landshlutaframleiðslan fyrir Norðurland er áætluð 240.856 Mkr árið 2018. Þessa tölu er hægt að bera saman við framleiðsluaukninguna sem kemur fram í töflu 6 og skoða hversu mikið hagkerfið á Norðurlandi stækkar vegna beina flugsins. Hér verður aukin framleiðsla 2023 borin saman við landshlutaframleiðsluna 2018. Þarna er augljós tímamunur og ljóst að landshlutaframleiðslan á Norðurlandi verður næsta örugglega meiri árið 2023 en 2018. Hér er samt

<sup>6</sup> Hagstofan/atvinnuvegir/ferðapjónustureikningar/ferðapjónusta/hlutur ferðapjónustu í framleiðsluvirði, 2009-2016

<sup>7</sup> Sigurður Jóhannesson 2019: *Hagvöxtur landshluta 2008-2016*. Sauðárkróki: Byggðastofnun.

horft framhjá þessu þar sem óvissan er mikil og ekki ljóst hversu stór hluti af aukinni framleiðslu lendir í norðlensku hagkerfi. Í næstu töflu er skoðað hversu mikið hagkerfið á Norðurlandi stækkaði við mismunandi sviðsmyndir ef 50%, 70% og 90% áhrifanna lentu innan hagkerfisins á Norðurlandi.

Tafla 11. Áætluð stækkun hagkerfisins á Norðurlandi vegna millilandaflugs.

	<b>Framleiðsluaukning 2023 úr töflu 6</b>	<b>50% innan Norðurlands</b>	<b>70% innan Norðurlands</b>	<b>90% innan Norðurlands</b>
<b>Sviðsmynd 1</b>	360 Mkr	0,07%	0,10%	0,13%
<b>Sviðsmynd 2</b>	541 Mkr	0,11%	0,16%	0,20%
<b>Sviðsmynd 3</b>	1.352 Mkr	0,28%	0,39%	0,51%
<b>Sviðsmynd 4</b>	3.635 Mkr	0,75%	1,06%	1,36%

Sem dæmi má nefna að í sviðsmynd 3 er áætlað að hagkerfið á Norðurlandi stækki um 0,39% ef 70% áhrifanna lenda innan Norðurlands. Svona stækkun mun koma fram á tvo vegu eða öllu heldur í samblandi þeirra. Auknum lífskjörum íbúanna á svæðinu og meiri íbúafjölda. Höfundur telur 70% dálkinn raunhæfastan.

Jón Þorvaldur Heiðarsson í nóvember 2019